9. "G.H." Um bannmálið.

1 blað qto.

„G. H."

Motto: Hann var ad látast færa í lag,
Hann var ad fáta og leita,
Hann var ad máta heilan dag,
Hann var ad játa og neita.

Ómögulegt er ad verjast því, ad vísur þessar skjóti upp í huga manns í hvert sinn sem madur les eitthvad eftir þennan mann, heyrir eitthvad eftir honum eda sér eitthvad sem hann hefir fengizt vid og verid „ad látast færa í lag": Þad er allt og ekkert, sem vegur salt hvad á móti ödru, sitt á hvorum enda sérvizku- og sjálfsbirgings-slárinnar, sem hann ávalt situr á. Eitt þessara málefna er **bannmálid**. Þar er hann í essinu sínu: Segist sjálfur hafa verid med ödrum gódum mönnum á sínum tíma til ad koma því á og verid „ad látast færa þad í lag"; en nú hefir hann verid ad „máta" þad (Þ: mæla þad og vega) í 20 ár, og komizt ad þeirri nidurstödu, ad allir þeir – og hann þá vitanlega sjálfur eigi undanskilinn – sem hafi verid ad reyna ad færa þad í lag, hafi fært þad svo mjög úr lagi, ad af því stafi allt illt, þ. á m. dauði eigi færra manna, en hann hirdir ekki um ad segja neitt um hina einu sönnu og réttu orsök þess, ad bannid hefir farid þannig, sem komid er, í höndunum á honum og ödrum.

Sannleikurinn er sá, ad sé rétt á litid, þá hefir bannid aldrei komizt á í þessu landi, ekki einn dag, sýnt þannig, ad þad hafi nokkurntíma fengid eins dags nædi til ad sýna mönnum, hvort þad gæti komid ad nokkru gagni eda engu, því [illegible] vadi „G. H." og adrir hafa alla tíd ólmast svo ad því ad þad hefir engan frid á sér átt. Þetta allt er hægt ad sanna med ótal dæmum af ordum og gjördum þessara manna; en án þess ad fara frekara út í þá sálma ad þessu sinni, skal ég ad eins leyfa mér ad skora á „G. H." ad svara þessum spurningum undanbragdalaust:

Voru þad bannmenn, bindindisvinir eda templarar, sem komu undanþágunni á med konsúlabrennivínid? Voru þad þeir sem í lög leiddu læknabrennivínid fræga? Voru þeir þad – nema e. t. v. fáeinir menn úr þeim hóp – sem lögleiddu Spánarvínin og þá ad eins sem naudvörn gegn erlendu valdi? Hvada bannlög voru í gildi hér á landi, þegar menn drukku karbólsýru, badlyf o. fl. þess háttar í ógáti og dóu af? Hvada bannlög voru í gildi hér á landi þegar menn ridu fullir út í ófærar ár og drukknudu, eda þegar heilar skipshafnir fórust af þeim orsökum einum, ad skipstjórnarmenn voru svo drukknir af víni, ad þeir fóru sér og fjölda annara manna ad voda? Voru nokkur bannlög hér á landi árid 1907, þegar allt flódi svo af víni hér á landi og sérstakl. á Þingvöllum, ad menn lágu eins og daudar pestarkindur vidsvegar med vegum og úti á vídavangi?

Man ekki „G. H." eftir andbanningablađinu Ingólfi, eda andbanningafélaginu „Þjódvörn"(!) sem margir helztu embættismenn þessa lands, lögfrædingar og læknar stódu ad, er héldu því ákaft fram, já, beinlínis kröfdust þess, ad

þessi lög, bannlögin, ætti menn að brjóta, það væri heilög skylda
allra manna? Hverja af embættismönnum landsins, getur „G. H." bent
á sem frá byrjun og til þessa dags, hafa gjört minnstu tilraun til þess, að
verja bannlögin eða yfirhöfuð láta þau koma þjóðinni að gagni? Hafa
lögreglumenn gert það, dómarar landsins eða lögfræðingar, nema þá örfáir
einstakir menn? Hafa þingmenn gert það yfirleitt, eða sýnt að þeim væri
það alvara? Þannig mætti lengi spyrja.